

r	i	t
v	e	r

Örnámskeið um kómmusetningu

Iris Edda Nowenstein • ien1@hi.is

r	i	t
v	e	r

Ritver Hugvísindasviðs

- ▶ Ritverið veitir nemendum innan sem utan sviðsins aðstoð við stórar og smáar ritsmíðar (námskeiðsverkefni, skýrslur, stuttar og langar ritgerðir, lokaverkefni o.s.frv.).
- ▶ Allir nemendur við Háskóla Íslands geta þantað viðtalsfund sér að kostnaðarlausu.
- ▶ Meistaránemar veita þar aðstoð við efnisafmörkun, rannsóknarspurningu, mál og stíl, uppbyggingu, heimildamat, heimildatilvísanir, heimildaskrá, frágang, útlit og fleira.
- ▶ Opið 9-12 og 13-16 alla virka daga nema föstudaga.
- ▶ Ritverið er í stofu 005 í kjallara Nýja-Garðs.
- ▶ Nánari upplýsingar eru á <http://vefir.hi.is/ritverhugvisindasvids/> en einnig er hægt að fylgjast með ritverinu á Facebook.



Skipulagið í dag

Fyrirvari: Þetta er ekki fundur hjá Hinu íslenska áhugamannafélagi um kommur.

- ▶ Almennt um kommuasetningu
- ▶ Ýmis dæmi um gagnsemi komma
- ▶ **Reglur um kommuasetningu: Yfirlit og dæmi**
- ▶ Kommuasetning eftir eldri reglum
- ▶ Þátttakendur spreyta sig á kommuasetningu í textum eftir nemendur við HÍ
- ▶ Umræður



Almennt

- ▶ Þó það sé hvergi nefnt er meginreglan sú að komma er notuð til að tákna hlé í eðlilegum framburði eða lestri.
- ▶ Með kommu verður flæði textans sýnilegra og ritsmíðin skýrari.
- ▶ Kommur geta einnig þjónað þeim tilgangi að sýna hvaða orð hanga saman þegar slíkt er tvírætt.
- ▶ Þetta segir okkur að við getum að miklu leyti reitt okkur á eigin máltilfiningu við kommusetningu, við vitum hvenær eðlilegt er að hafa hlé í eðlilegum framburði eða lestri.
- ▶ Þrátt fyrir þetta er til staðall með skýrum kommusetningarreglum, við notum hann hér í dag. Hann birtist í ritreglum sem Íslensk málstöð gaf út 2006, í samræmi við auglýsingar menntamálaráðuneytis nr. 132/1974, 133/1974, 184/1974 og 261/1977. Þessar reglur eru traust heimild og aðgengilegar á vefnum, <http://ismal.hi.is/Ritreglur-070306.pdf>.
- ▶ Athugið þó að ágreiningur er til staðar um sum atriði og önnur viðmið til, t.d. birti Hið íslenska fornritafélag sínar viðmiðunarreglur 2007. Við þurfum ekki að vera algjörlega sammála reglunum en það er nauðsynlegt að þekkja þær.



Æ, kommon: Gagnsemi komma

All those out there that like to cook & eat my wife just made a new blog at <http://easy-recipes-for.blo...> Check it out Tell everyone

5:06 PM May 24th from web



Springfield1
Stuart Springfield



Upptalningar og endurtekin orð (103. grein)

- ▶ Komma er höfð í upptalningu og þegar orð eru endurtekin nema þar sem notaðar eru samtengingar.*
 - ▶ *Á morgun er landafræði, enska, stærðfræði og danska.*
 - ▶ *Þetta er langtum, langtum skemmtilegra.*
 - ▶ *Já, já.*
- ▶ **Dæmi úr ritgerð:**

„[...] þær neikvæðu tilfinningar sem fylgt geta félagslegri tilvist mannsins í samfélagi hans við aðra menn, s.s. reiði, gremja, hatur, öfund, óánægja, vonleysi og tilfinningalegur sársauki [...]“
(Svala Kristín Þorleifsdóttir, 2012, bls. 5)

**I like
cooking my family
and my pets.**


**Use commas.
Don't be a psycho.**



▶ * Reglurnar um kometningu eru þær sem finna má í Ritreglum Íslenskrar málstöðvar (2006) og koma skáletruðu dæmin þáðan sömuleiðis. Dæmi úr ritgerðum og myndir tíndi umsjónarmaður námskeiðsins til.

Ávörp og upphrópanir (104. grein)

- ▶ Komma er höfð til að afmarka ávörp og upphrópanir.
 - ▶ *Komdu hingað, vinur.*
 - ▶ *Sæl, Anna, og til hamingju með afmælið.*
 - ▶ *Fundarstjóri, má ég bera fram athugasemd?*
 - ▶ *Ég get sagt þér það, Ása, að ég er orðinn verulega þreyttur á þessum hávaða.*
 - ▶ *Nei, það kemur ekki til greina.*
 - ▶ *Ó, farðu þér nú ekki að voða, elskan mín.*



Komma og önnur greinarmerki (105. grein) og tugabrot og aurar (106. grein)

- ▶ Komma er sett til að afmarka beina ræðu en ef beinni ræðu lýkur með punkti, upphrópunarmerki eða spurningarmerki er kommunni sleppt.
 - ▶ „*Þetta skil ég vel,*“ sagði Anna.
 - ▶ „*Nú er tíminn,*“ sagði hann, „*til að skipta um rafhlöðu.*“
 - ▶ „*Þetta er ömurlegt!*“ hrópaði Anna.
 - ▶ „*Eruð þið búin að skipta um rafhlöðu?*“ spurði hann.
- ▶ Kommur eru notaðar við ritun tugabrota og til að aðgreina krónur og aura í fjárhæðum.
 - ▶ *Kílóíð kostar 29,95 kr.*
 - ▶ *Einn deilt með fjórum er 0,25.*
 - ▶ *Pí er u.p.b. 3,14.*



Innskot og ýmis konar viðbætur (107. grein)

- ▶ Komma er höfð til að afmarka innskot og ýmiss konar viðbætur sem eru ekki tengdar með samtengingum. Athuga þó lið 110 (starfsheiti, titlar og frændsemisorð).
 - ▶ *Hvannadalshnjúkur, hæsti tindur Íslands, er 2.110 metra hár.*
 - ▶ *Skólastjórinn, hann Páll, var veikur í gær.*
 - ▶ *Tveir starfsmenn, Ásta og Gunnar, ætla til útlanda í sumar.*
 - ▶ *Réttu mér bolla, þennan hvíta.*
 - ▶ *Var hann ekki bakari, hann Jón?*
 - ▶ *Athuga þurfti hverja ögn sem þær fengu, blessaðar skepnurnar.*
 - ▶ *Járnbrautardraumarnir rættust aldrei, að frátalinni flutningabraut í Reykjavík.*
- ▶ **Dæmi úr ritgerð:**

„Hennar segja þeir gripið til þegar fólk dæmir eitthvað, t.d. líkur á að eitthvað gerist, út frá því hversu auðveldlega þeim gengur að muna eftir sambærilegu atviki.“ (Svala Kristín Þorleifsdóttir, 2012, bls. 10)



Samhliða setningar (108. grein)

- ▶ Þegar setningar koma hver á eftir annarri í sömu málsgrein er meginreglan sú að þær eru *annaðhvort* aðgreindar með kómmum *eða* tengdar með samtengingum.

- ▶ *Að sumu leyti var mjög gaman, að öðru leyti var mjög leiðinlegt.*

- ▶ *Að sumu leyti var mjög gaman **en** að öðru leyti var mjög leiðinlegt.*

- ▶ **Dæmi úr ritgerð:**

„Piltar reyndust sýna meiri árásargirni og afbrotahegðun en stúlkur **en** ekki kom fram munur á þessum andfélagslegu hegðunum eftir starfsstétt foreldra.“ (Alma Auðunardóttir, 2014, bls. 7)

„Oft skortir þau einnig sjálfsöryggi, þau upplifa gjarnan kvíða **og** eru auk þess líkleg til að glíma við ýmiss konar hegðunarvandamál.“
(Alma Auðunardóttir, 2014, bls. 20)



Aukasetning fremst í málsgrein (108. grein)

- ▶ Samtengingar geta lent annars staðar en mitt á milli þeirra setninga sem þær tengja (t.d. fremst í málsgrein) en samt sem áður er ekki höfð komma á mótum setninganna.
- ▶ *[Eins og áðan kom fram] fellur fundurinn í dag niður.*
- ▶ *[Þegar Ísraelsmenn sáu [að þeir voru í hættu [því að þrengt var að hernum]] földu þeir sig.*

▶ Dæmi úr ritgerð:

„Þegar talað er um árangur í þessu samhengi er gengið út frá skilgreiningu Kohli og Jaworski (1990) á ávinningi markaðshneigðar [...]“ (Þórhallur Örn Guðlaugsson, 2010, bls. 4)



Tenging felld brott (108. grein)

- ▶ Skýringartengingin *að* má falla brott án þess að setja skuli kommu í hennar stað í dæmum á borð við:
 - ▶ *Hann veit að hún kemur.* / *Hann veit hún kemur.*

- ▶ Skilyrðistengingin *ef* má falla brott án þess að setja skuli kommu í hennar stað:
 - ▶ *Þeir róa í kvöld ef veðrið skánar.* / *Þeir róa í kvöld skáni veðrið.*
 - ▶ *Ef veðrið skánar róa þeir í kvöld* / *Skáni veðrið róa þeir í kvöld.*



Fleygar (109. grein)

- ▶ Sú meginregla gildir að afmarka skal með kommu þær setningar sem fleyga aðrar setningar.
 - ▶ *Húsið, sem stendur þarna, er nýtt*
 - ▶ *Mikilvægt er, þrátt fyrir það sem að framan er sagt, að gæta þess að það barnastarf, sem fram fer á vegum sveitarfélaganna, sé ekki of dýrt fyrir foreldra.*

- ▶ **Dæmi úr ritgerð:**

„Ef markmið stjórnvalda er, eins og hér hefur verið gengið út frá, að breyta fýlukalli samfélagsins í broskall þá þarf róttækar breytingar“ (Svala Kristín Þorleifsdóttir, 2012, bls. 51)



Fleygar á eftir *sá* eða *þar* (109. grein)

- ▶ Þó skal aldrei nota kommu til að afmarka tilvísunarsetningar (tengdar með *sem* eða *er*) þegar næst framan við þær stendur fornafnið *sá* (*sú*, *það*; *þeir*, *þær*, *þau*) eða atviksorðið *þar*.
- ▶ *Sá sem* fæst við erfitt verkefni verður að leggja hart að sér
- ▶ *Þeir sem* vilja mega koma í boðið
- ▶ *Þar sem* þú ert vil ég líka vera



Fornöfn/atviksorð (109. grein)

- ▶ Þegar önnur fornöfn eða atviksorð standa næst framan við setningar sem fleyga aðrar setningar er valfrjálst hvort þær eru afmarkaðar með kómmum.
 - ▶ *Ég, sem hef verið leigubílstjóri í 25 ár, hef aldrei séð annað eins.*
 - ▶ *Ég sem hef verið leigubílstjóri í 25 ár hef aldrei séð annað eins.*
 - ▶ *Sumir, sem ég þekki, ætla til Akureyrar í sumar.*
 - ▶ *Sumir sem ég þekki ætla til Akureyrar í sumar.*
 - ▶ *Stundum, þegar veðrið er gott, sit ég úti í garði*
 - ▶ *Stundum þegar veðrið er gott sit ég úti í garði.*



Starfsheiti, titlar og frændsemisorð (110. grein)

- ▶ Kommur eru ekki láttnar afmarka starfsheiti, titla og frændsemisorð nema þar sem um er að ræða fleiri en eitt orð.
 - ▶ Jóna Árnadóttir formaður mælti fyrir tillögunni.
Jóna Árnadóttir, formaður félagsins, mælti fyrir tillögunni.
 - ▶ Jói frændi kom í veisluna.
Jói, frændi okkar, kom í veisluna



★ Fokking kommusetning ☰

✉ NöttZ | 4. maí '10, kl: 13:26:19 | 👁 1079 | ✎ Svava | | 0

Ég kann ekki.

Nú set ég kommu á milli nafns og t.d. starfsheitis ef starfsheitið er meira en stakt orð. Það er í fullu samræmi við reglur. Ég segi t.d. "Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra kom á fundinn" og "Davið Oddsson, ritstjóri Morgunblaðsins, kom á fundinn".

En er nokkuð hægt að setja kommu ef það kemur forsetningarliður á eftir nöfnum í upptalningu?

Spurningin er semsagt, vinsamlegast setjið kommu á rétta staði í eftirfarandi texta:

"Mig langar að þakka Grjónu fyrir norðan mömmu á Hellissandi skemmtilega fólkinu á Akureyri og Sardínu hvar sem hún kann að vera stödd um þessa mundir."



Lýsingarorð og lýsingarhættir (111. grein)

- ▶ Kommur eru valfrjálsar milli lýsingarorða eða lýsingarháttanna ef orðin eru aðeins tvö. Setja skal kommur ef orðin eru þrjú eða fleiri nema á þá staði þar sem samtengingar koma í þeirra stað.
- ▶ Ávöxtunin fæst með **íslenskum ríkistryggðum** skuldabréfum.
- ▶ Ávöxtunin fæst með **íslenskum, ríkistryggðum** skuldabréfum.
- ▶ Ávöxtunin fæst með **íslenskum, traustum, ríkistryggðum** skuldabréfum.
- ▶ Ávöxtunin fæst með **íslenskum, traustum og ríkistryggðum** skuldabréfum



Undantekningar (112. grein)

- ▶ Heimilt er að setja kommu milli setninga ef nauðsynlegt er til að koma í veg fyrir misskilning þótt það brjóti í bága við fyrrgreindar reglur.
- ▶ Heimilt er að nota kommu í listrænu skyni til að ákveða hik eða þagnir í lestri í samræmi við hugmyndir höfundar texta um lestur, framsögn eða stíl. **Slík kommuþing skal þó ekki kennd í skólum né gilda á skólaprófum.**



Semikomma (113. og 114. greinar)

- ▶ Í stað punkts má setja semikommu milli málsgreina ef málsgreinarnar eru merkingarlega nátengdar en einkum ef síðari málsgreinin táknar afleiðingu hinnar fyrri eða andstæðu hennar.

- ▶ *Jón varð fyrir aðkasti margra; samt lagði hann engum illt til.*

- ▶ **Dæmi úr ritgerð:**

„Þar sem verk Málfríðar er sjálfsævisögulegt er tekin afstaða til hvað skuli kalla þetta „ég“ sem birtist á síðum bókarinnar; sömuleiðis hvort rétt sé að nota hugtökin sögumaður, söguhöfundur og raunverulegur höfundur þegar texti Málfríðar er skoðaður“ (Guðrún Steinþórsdóttir, 2013)


- ▶ Semikommu má nota í upptalningu til að afmarka þá liði sem helst eiga saman.

- ▶ *Verzlunin selur ýmiss konar vörur: pappír, ritföng; sígarettur, vindla, neftóbak; sápur, ilmvoðn og aðra hreinlætisvöru*



Eldri kommusetning (sem ber að forðast) og of margar innskotssetningar

- ▶ Opinberum reglum um kommusetningu var breytt á áttunda áratugnum, áður tíðkaðist að merkja allar aukasetningar með kómmum.
 - ▶ „Einnig er álitamál, að hve miklu leyti sé rétt að leggja svonefnd forgangssjónarmið og þá með þeim hætti, að nágrenni verði að sætta sig við óþægindi frá starfsemi, sem lá fyrir, þegar hann eignaðist fasteign sína“ (Gaukur Jörundsson, 1980, bls. 41)
- ▶ Öðruvísi „ofnotkun“ komma → að hluta til ofnotkun innskotssetninga?



- ▶ „Ég er alltaf að setja inn aukasetningar, sem þurfa kannski ekkert að vera til staðar, inn í texta hjá mér. Þetta er ákveðið stílbrigði sem ég hef tamið mér. Mig grunar, án þess að vera viss, að það eigi rætur sínar að rekja til þess hvað ég les mikið af texta á ensku, eftir t.d. Stephen Fry, þar sem mér þykir þetta oft áberandi.“ (Úr umræðum á Facebook.)



Þátttakendur spreyta sig I: Kom(m)a svo!

„Snorra-Edda er eins og kunnugt er eignuð Snorra Sturlusyni (1178-1241). Ekki er þó hægt að tala um Snorra sem höfund Eddu með fullri vissu þar sem aðeins eitt miðaldahandrit eignar honum verkið. Það handrit er Uppsala-Edda DG 11 á háskólabókasafninu í Uppsölum tímasett kringum 1300-1325. Tileinkun Snorra á verkinu birtist fremst í handritinu framan við Gylfaginningu og hljóðar svo [...]“ (Sigríður Sæunn Sigurðardóttir, 2012, bls. 7)

„Þegar þeir rákust á gamlar orðmyndir sem voru þeim framandi aðlöguðu þeir þær ýmist að framburði sínum gerðu tilraun til að færa þær nær eigin málfari eða tóku þær upp óbreyttar“ (Sigríður Sæunn Sigurðardóttir, 2012, bls. 62)

Athugið að umsjónarmaður hefur hér tekið út allar kommur úr uppunalegum texta.



Þátttakendur spreyta sig I: Kom(m)a svo!

„Snorra-Edda er, eins og kunnugt er, eignuð Snorra Sturlusyni (1178-1241). Ekki er þó hægt að tala um Snorra sem höfund Eddu með fullri vissu þar sem aðeins eitt miðaldahandrit eignar honum verkið. Það handrit er Uppsala-Edda, DG 11 á háskólabókasafninu í Uppsölum, tímasett kringum 1300-1325. Tileinkun Snorra á verkinu birtist fremst í handritinu, framan við Gylfaginningu, og hljóðar svo [...]“

„Þegar þeir rákust á gamlar orðmyndir sem voru þeim framandi aðlöguðu þeir þær ýmist að framburði sínum, gerðu tilraun til að færa þær nær eigin málfari eða tóku þær upp óbreyttar“



Heimildir

- Alma Auðunardóttir. 2014. *Uppeldisaðferðir foreldra í tengslum við árásgirni og afbrotahæðun unglinga: langtímarannsókn*. Óútgefin MA-ritgerð. Háskóli Íslands, Reykjavík. Sótt af <http://hdl.handle.net/1946/14668>
- Íslensk málstöð. 7. mars 2006. *Ritreglur*. Sótt af <http://ismal.hi.is/Ritreglur-070306.pdf>.
- Gaukur Jörundsson. 1980. *Eignarréttur I*. Gefið út í heftum. Reykjavík.
- Guðrún Steinþórsdóttir. 2013. „*Sú skúfun varð ævilöng*.“ *Um rithöfundinn Málfríði Einarsdóttur og verk hennar Ur sálarkirnunni*. Óútgefin MA-ritgerð. Háskóli Íslands, Reykjavík. Sótt af <http://hdl.handle.net/1946/14668>.
- Sigríður Sæunn Sigurðardóttir. 2011. *Tilbrigði í máli í þremur miðaldahandritum Snorra-Eddu*. Óútgefin BA-ritgerð. Háskóli Íslands, Reykjavík. Sótt af <http://hdl.handle.net/1946/8363>.
- Svala Kristín Þorleifsdóttir. 2012. „Ef þú smælar framan í heiminn...“; *Um pólitískt gildi samhygðarkenningar Dalai Lama á nýrri öld*. Óútgefin BA-ritgerð. Háskóli Íslands, Reykjavík. Sótt af <http://hdl.handle.net/1946/11138>.
- Þórhallur Örn Guðlaugsson. 2010. *Þjónustustjórnun, markaðs- og þjónustuáhersla í opinbera geiranum*. Doktorsritgerð. Háskóli Íslands, Viðskiptafræðideild, Reykjavík.
-

